Tillaga fyrir bæjarráð

## Nefnd um uppbygging íþróttamannvirkja – stefnumótun

Í stefnu Reykjanesbæjar frá 2020-2030 er uppbygging íþróttamannvirkja til að styðja við öflugt íþróttastarf eitt af markmiðum bæjarins. Bæjarráð telur því nauðsynlegt að skoða hvað var gert á síðasta kjörtímabili miðað við stefnumótun íþrótta- og tómstundaráðs sem samþykkt var 2019.

Hlutverk nefndarinnar er að skoða stöðu núverandi íþróttamannvirkja, meta áætlaða þörf íþróttahreyfingarinnar til ársins 2030 og koma með tillögur að nýrri stefnumótun í uppbyggingu íþróttamannvirkja og forgangsröðun þeirra ásamt rökstuðningi. Tillagan verður síðan lögð fyrir íþrótta- og tómstundarráð til umsagnar.

Formaður leggur til að skipuð verði nefnd skipuð starfsfólki íþróttamannvirkja, kjörinna fulltrúa auk fulltrúa íþróttahreyfingarinnar í Reykjanesbæ.

Nefndin verður skipuð tveimur fulltrúum bæjarstjórnar.

Formaður IRB

Starfsmanni íþróttamannvirkja.

Fulltrúi Keflavík - Íþrótta- og Ungmennafélag.

Fulltrúi Ungmennafélag Njarðvík.

Formaður nefndarinnar verður fulltrúi meirihlutans.

Umsjón með starfi nefndarinnar hefur Hafþór Birgisson, íþrótta- og tómstundarfulltrúi.